

Nr. 032/14 Sjávarperlan ÍS 313**Leki í vélarrúmi og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2338
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 plast
Stærð: brl. 14,99 bt.
Mesta lengd: 13,25 m Skráð lengd: 11,77 m
Breidd: 3,49 m Dýpt: 1,42 m
Vél: Yanmar 275,80 kW 1999
Fjöldi skipverja: 2



Sjávarperlan ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. apríl 2014 var Sjávarperlan á landleið um fimm sml. vestur af Barða. Veður: Hægviðri.

Skipstjóri varð var við að rafmagn fór af skjá siglingatölvu og þegar hann kom aftur í vélarúm var austur kominn langt upp á vélina. Hann stöðvaði vélina, ræsti auka lensidælu og óskaði eftir aðstoð. Strandstöð gerði nærstöddum skipum viðvart og kallaði út björgunarbáta á svæðinu ásamt því að þyrta var sett í viðbragðsstöðu með að fara í loftið.

Þegar Kristján ÍS 816 kom að Sjávarperlunni var búið að þurrausa vélarúmið svo aðstoð var afturkölluð. Kristján dró síðar bátinn áleiðis til hafnar en Steinunn HF 108 tók síðar við drættinum til Flateyrar. Sjór komst ekki í vélina og litlar skemmdir urðu á rafmagni.

Við rannsókn kom fram:

- að hosa (gúmmíbarki) á spúldælunni losnaði svo sjór dældist inn í vélarúmið. Sjór komst í rafmagnskassa sem olli því að rafmagn fór af siglingatækjum;
- að báturinn var búinn Jabsco spúldælu sem var beintengd af vélinni í gegnum segulkúplingu sem hægt er að stjórna af þilfarinu;
- að árinu áður var skipt um vél og þessi hosa þá sett á með tveimur hosuklemmum. Skipstjórinn taldi mögulegt að þær hefðu ekki verið nægjanlega hertar;
- að settar voru öflugri hosuklemmur á hosuna eftir atvikið;

- að við búnaðarskoðun fyrir páskana kom í ljós að austuraðvörðun í vél var ekki virk en skipstjóranum var gefinn umþóttunartími í þrjá mánuði að koma henni í lag en sökum hátíðisdaganna var viðgerð ekki lokið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en beinir þeim tilmælum til smábátasjómannanna að yfirfara reglulega allar festingar á hosum og slöngum við vélbúnað báta sinna.